



Reykjavík 14.nóvember 2014

Til forráðamanna framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar

b.t. Ishmael R David

Undirritaður vill byrja á að þakka starfsmönnum framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar fyrir samstarfið við GFF á undangengnum árum sem að mati samtakanna hefur verið farsælt og árangursríkt. Nú þegar langt er liðið hausts er mál að leggja á ráðin um framhald þessa samstarfs á komandi vetri, næsta sumar og jafnvel næstu árum.

Megináhersla í starfi GFF með hafnirskra taðið síðan veturinn 2010 / 2011 hefur verið að freista þess að loka rofabörðum í hlíðum Sveifluháls, þ.e. þeim rofabörðum sem hægt er að komast að með góðu móti og stöðva þar uppblástur. Hér er megintilgangurinn að vernda upphaflegan staðargróður, lyngmóann í hlíðum Sveifluháls.

Þetta er hins vegar ekki alltaf raunhæft og er háð því hvernig til tekst með losun taðfarma. Ef losun fer fram þegar frost er í jörðu og snjór lítill eða enginn, má stefna flutningabílum á ólíklegustu staði, t.a.m. að rofabörðum, án þess að mikil ummerki sjáist á landinu eftir þá. Eðli máls samkvæmt eru slíkar aðstæður tiltölulega sjaldgæfar, enda aðeins hluti losunar sem fer fram að vetri. Þannig hefur GFF sjaldnast þóttt hagfellt að færa efni langar leiðir með traktorsskóflu, efni sem vegna aðstæðna hefur þurft að losa langt frá rofabörðu. Í þeim tilvikum hefur efnið verið notað til að græða upp sléttlendið í kring og því komið ögn upp í hlíðar Sveifluháls.

Þetta er ástæðan fyrir því að GFF hefur hvatt til þess að slíkir frostadagar séu notaðir til þess að losa taðþrær og flytja efnið að rofabörðum, að sjálfsgöðu innan þeirra marka sem hagkvæmt getur talist.

Vísað er til bréfs frá GFF dags. 27.nóv 2013 stílað á framkvæmdasvið Hfj þar sem útlistað er hvað vakir fyrir GFF með notkun hrossataðsins frá Hafnarfirði. Hér fylgir loftmynd af Kleifarvatnssvæðinu með merkingum um hvar og hvenær unnið var á svæðinu. Sömu leiðis fylgir með textablað um magn sem notað var á hverju ári síðan 2007. Eitt ber þó að hafa í huga varðandi magnið. Verkefnið hefur glímt og glímir enn við s.k. „free riders“ vandamál. Efni annars staðar frá en Hlíðarþúfum er losað á staðina. Þar eru aðilar á ferli sem ekki eru þátttakendur í verkefninu og greiða þ.a.l. ekki til þess. Magnið er því meira en kemur fram á meðfylgjandi lista og gildir það um öll árin.

Loks ber að nefna hrosshagann þar suður frá sem Sörli nýtir. GFF er kunnugt um að uppi eru viðhorf þess efnis að hrossataðið beri að nýta þar til að rækta upp hagann. GFF hefur hins vegar bent á að taðið henti betur til uppgræðslu eins og þeirrar sem samtökin stunda austan í Sveifluhálsi, t.a.m. við að loka rofabörðum. Ekki þar með sagt að hrosshaginn þurfi ekki áburð. GFF hefur haft frumkvæði að því að önnur áburðarefni séu notuð á hrosshagann. Snemma vors 2013 kölluðu samtökin út mannskap frá Sörla ásamt eigin starfsfólki til að dreifa áburðarmjöli yfir 4 ha svæði sem síðan var beitt á seint um haustið það sama ár þegar nægjanlegur tími var umliðinn frá dreifingu. (ath. að Matvælastofnun setur slíkar reglur um notkun þessa áburðarmjöls, sem unnið er úr sláturhúsaúrgangi.)

Nú í haust hafa samtökin svo haft að því frumkvæði og haft samráð við Krýsuvíkurnefnd Sörla, að á hrosshagann sé dreift hæsnaskít frá Nesbúegg ehf á Vatnsleysuströnd. Þar er kominn mun kröftugri áburður en hrossataðið og von til þess að á árinu 2015 muni hestamenn njóta þess í gjöfulli hrosshaga. Reiknað er með að allt að 400 m³ af hæsnaskít fari á hrosshagann nú í haust.

Að lokum vill undirritaður óska eftir áframhaldandi samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um notkun hrossataðs úr bænum í þágu uppgræðslu. Á yfirstandandi ári tók GFF við um 1.000 m³ og tók við heimanmundi frá bænum upp á kr. 1.000.000-. Enn eru næg verkefni á þessum slóðum og verða á næstu árum. Á meðfylgjandi loftmynd má sjá afmörkun þess svæðis sem GFF lítur á sem eina heild í þessu samhengi, blýantsdregin brotin lína sem í austri afmarkast af veginum. Meðfylgjandi eru einnig tvær myndir af vettvangi frá haustinu 2014.

Með kveðju:



Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF



Skýringar með loftmynd af Kleifarvatnssvæðinu

2007: Um 2.000 m³ af hrossataði notaðir á svæðið. Aðallega á hæðina austan vegar en einnig var hafist handa við að græða upp vestan vegar, Sveifluhálmegin.

2008: Um 1.600 m³ af hrossataði notaðir og í raun endurtekin aðgerð frá árinu á undan á sama stað en aukið við uppgræðslu vestan vegar.

2009: Mestur hluti þeirra 1.600 m³ af hrossataði fór í uppgræðslu á svæði sem kennt er við Kaldrana og liggur norðan við hrosshaga hestamannafélagsins Sörla.

2010: Um 1.200 m³ fóru í endurtekna dreifingu yfir Kaldrana svæðið og um 200 m³ í fyrstu uppgræðslu á rofabörðum utan í Sveifluhálsi.

2011: Uppgræðsla rofabarða austan í Sveifluhálsi hefst fyrir alvöru. Um 800 m³ fóru í rofabörð í landi Grindavíkur og aðrir 800 m³ á rofabörð og sléttlendi á landi Hafnarfjarðar.

2012: Um 400 m³ fóru í áframhaldandi uppgræðslu rofabarða Grindavíkurmegin, rösklega 1.000 m³ í rofabörð og sléttlendi austan í Sveifluhálsi, Hafnarfjarðarmegin og um 400 m³ í uppgræðslu austan í Sveifluhálsi í Vatnsskarði

2013: Tæplega 1.000 m³ fóru í uppgræðslu á sléttlendi á landi Hafnarfjarðar, um 500 m³ í rofabörð Grindavíkurmegin og um 300 m³ í Vatnsskarð syðra. **Snemma vors (23.mars) kallaði GFF saman nokkra félagi úr Sörla og fór fyrir dreifingu á tæplega 4 tonnum á áburðarmjöli yfir hrosshaga hestamannafélagsins Sörla.**

2014: Um 1.000 m³ af hrossataði losaðir á sléttlendinu sem tilheyrir Hafnarfirði. Þ.a. voru ca 800 m³ færðir í dreifða hrauka upp í hlíðar Sveifluháls og bíða þar til sumarið 2015 þegar GFF kemur með mannskap til að dreifa úr hraukunum. Um 200 m³ voru notaðir til að moka utan í rofabörð Grindavíkurmegin. **Haustið 2014 beitir GFF sér fyrir því að dreift er hæsnaskít yfir hrosshagann, efni sem kemur frá eggjabúinu á Vatnsleysuströnd. Reiknað er með að um 400 m³ fari á hrosshagann haustið 2014. Þessi framkvæmd er gerð í samráði við Krýsuvíkurnefnd Sörla.**

Mörk lögsagnarumdæma Hafnarfjarðar og Grindavíkur

 Staðir þar sem taðflutningabílar hafa losað.





27/09/2014




Myndin sýnir traktor færa hrossatað utan í rofabarð austan í Sveifluhálsi nú í haust. Í þessu tilviki þurfti að færa efni talsverða vegalengd í traktorsskóflunni og er það undantekning að það skuli vera gert. Ástæðan er sú að ekki sköpuðust aðstæður nema einu sinni til að losa efni að þessu rofabarði beint af taðflutningabílum og það magn var ekki nægjanlegt til að klára rofabarðið. GFF vildi hins vegar ljúka uppgræðslu, verkefnið hafði verið á efnisskránni árum saman og því var brugðið á þetta ráð haustið 2014.

Þetta rofabarð er rétt fyrir norðan (norðaustan) lögsagnarmörk Hafnarfjarðar og tilheyrir því Grindavík. Sjá má árangur af því að loka öðrum rofabörðum í aftan við traktorinn, í norðaustur átt, þar sem græni liturinn og sá guli af sinu eru áberandi.



GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS



23/10/2014

Myndin sýnir hvernig tað hefur verið fært ögn upp í hlíðar Sveifluháls nú í haust og bíður þess að GFF komi þar með mannskap til að dreifa endanlega úr því sumarið 2015.

Myndin er tekin frá þeim stað sem kallaður er Kaldrani og var græddur upp með hafnirsku hrossataði á árunum 2009 og 2010.



GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS